

Selkórinn



Æfingabúðir vor 2022

Nokkur RaggaBjarnalög (D)

Ég er kokkur á kúttar frá Sandi	2
Föðurbæn sjómannsins	3
Kenndu mér að kyssa rétt	4
Komdu í kvöld	5
Kvöld í Moskvu	6
Landafræði og ást	7
My Way	8
Skvetta falla hossa og hrista	9
Undir Stórasteini	10
Vertu sæl mey	11
Vor við flóann	11
Vorkvöld í Reykjavík	12
Þannig týnist tíminn	13
Thank you for the music	14

Ég er kokkur á kúttar frá sandi

Ég er kokkur á kúttar frá Sandi
ég fæ kjaftshögg hvern einasta dag.
Og ekki líður mér betur í land
ef ég lendi við konuna í slag
Hún er tvígild að afli hún Tóta
og ég tala ekki um sé hún reið,
enda tek ég þá fljótast til fóta,
því flótti er sú einasta leið.

Ég var var ungu er Tóta mig tældi,
okkar trúlofun samstundis birt.
Og í hjónaband þvínæst mér þvældi,
það var óveðursblandið og stirt.
Því þegar frá leið hljóp fjandinn í svínið,
og fædd voru ellefu börn,
þá var búið með gaman og grínið,
þá var grátur mín síðasta vörn.

Því á kvöldin er kjaftshögginn dundu,
svo í kjammana báða mig sveið
og tárin af hvörmum mér hrundu
þegar hræddur undir rúmið ég skreið.
Já, þá skemmti hún sér skjátan sú arna
er hún skammirnar dynja á mér lét,
meðan ég hímdi hundflatir þarna
og hreyfði mig ekki um fet.

En á kúttarnum allir sig krossa
ef ég kem fram með viðbrenndan graut
og skipstjórans brástjörnur blossa
meðan bölvir rétt eins og naut.
Og ef kjötsúpan virðist með kekkjum,
eða kjötbollan reynist of hrá,
þeir kenna slíkt helvískum hrekkjum,
svo hefst skemmtunin vöngum mér á.

Ef ég lifað fæ lengur en Tóta,
er hún leggur á eilífðarbraut,
skal ég dansa og daganna njóta
og elda dýrindis rúsínugraut.
En mig hryllir, ef hittumst við aftur,
er ég héðan af jörðinni fer,
nema einhver mér ókunnur kraftur
komi óðar og liðsinni mér.

Föðurbæn sjómannsins

KARLAR:

Þú leggur nú á höfin
og heldur brott frá mér,
en heilladísir vorsins
ég bið að fylgi þér
og mundu að djúpið dökka
yfir hundruð hættum býr
og huldar nornir blanda
þar seið og ævintýr.

En ef þú sérð þá stjörnu
sem brosir blítt og bjart
þá brestur kyngi seiðsins
og myrkrið hverfur svart
þá er pabbi heima að hugsa
um drenginn sinn
og hljóða bæn að flytja
sem lýsir veginn þinn.

Karl:

Já, kæri sonur. Hafið býr yfir
hundruð hættum, en mundu að
pabbi flytur þér hljóða bæn.

Þú leggur nú á höfin
og heldur brott frá mér,
en heilladísir vorsins
ég bið að fylgi þér
og mundu að djúpið dökka
yfir hundruð hættum býr
og huldar nornir blanda
þar seið og ævintýr.

KONUR:

La laaaa la la la
La laaaa la la
La laaaa la la la
La laaaa la la

La laaaa la la la
La laaaa la la
La laaaa la la la
La laaaa la la
La laaaa la la la
La laaaa la la
La laaaa la la la

Konur:

Á særokið ég hlusta í húmi kvöldin löng
í skjóli nætur syng ég þér vinarkveðjusöng

La laaaa la la la
La laaaa la la
La laaaa la la la
La laaaa la la
La laaaa la la la
La laaaa la la
La laaaa la la la
La laaaa la la

ALLIR:

En ef þú sérð þá stjörnu
sem brosir blítt og bjart
þá brestur kyngi seiðsins
og myrkrið hverfur svart
þá er pabbi heima að hugsa
um drenginn sinn
og hljóða bæn að flytja
sem lýsir veginn þinn

Lag: Hendrik Konrad Rasmus
Texti: Skafti Sigþórsson

Kenndu mér að kyssa rétt

Kenndu mér að kyssa rétt
og hvernig á að faðma nett,
hvernig á að brosa blítt
og blikka undurblítt

Ég sem er óreyndur enn,
af ástarþrá ég kvlest og brenn
en tækifærin fæ ég ei
því flestar segja nei

Vona minna fagra fley er flotið upp á sker
Þú veist að gjörvöll gæfa mín er geymd í hendi þér

Kenndu mér að kyssa rétt
og hvernig á að faðma nett
Þú færð í laun minn ástayl
það er allt sem ég á til.

Lag: Jón Sigurðsson
Texti: Jón Sigurðsson

Komdu í kvöld

Komdu í kvöld
út í kofann til mín
þegar sólin er sest
og máninn skín.

Komdu þá ein
því að kvöldið er hljótt,
og blómin öll sofa
sætt og rótt

Við skulum vera hér heima
og vaka og dreyma
vefur nóttin örmum hlíð og dal.

Komdu í kvöld
út í kofann til mín
þegar sólin er sest
og máninn skín.

Kvöld í Oslo

Eitt sinn einn ég gekk yfir Ráðhústorg
Og mér fylgdi undarleg sorg
Ég var ungur þá
Haldinn ungri þrá
Það var maíkvöld í Oslóborg
Ég var ungur þá
Haldinn ungri þrá
Það var maíkvöld í Oslóborg

Seinna sat ég einn grænum garði í
Fuglar sungu dirrindí dí
Ég var ungur þá
Haldinn ungri þrá
Það var maíkvöld í Oslóbý
Ég var ungur þá
Haldinn ungri þrá
Það var maíkvöld í Oslóbý

Allt í einu ég unga stúlku sá
sem þar stóð og starði mig á
Bak við rósarunn
með sinn rósamunn
Það var vorkvöld í Osló þá
Bak við rósarunn
með sinn rósamunn
Það var vorkvöld í Osló þá

Landafræði og ást

Karlar:

Land veit ég langt og mjótt,
lífir þar kynleg drótt,
er nefnist Ítalir,
eru þeir kvensamir.
Ásfangnir einskis svíf-
ast þeir og beita hníf.
Þannig er ástin ó,
á Ítalíanó.

Konur:

*Hnífana' að brúka agalegt er
annar er stæll á gæjunum hér
sá sem af stelpu ástfanginn er
ei kemur fram sem róni
með kitlum hann henni kemur af stað
kyssir hana og segir eigum við að...?
og ungfrúin svarar ætl'ekki það
ástin er svona' á Fróni*

Tveir ef að svanna sjá,
sem báðum líst vel á,
óðar hefst æsingur
upp dregnar pístólur.
Lét margur lassarón
líf fyrir stelpuflón.
Þannig er ástin ó,
á Ítalíanó.

*Finnst ykkur nokkuð fyndið í því
að fá gegnum hausinn pístólublý
Hvað gagnast selpu ástarleik í
örendur lassaróni?
Hnefana' að brúka hentugra er
heiðarleg slagsmál þau líkar mér
gg stelpa fær þann sem ómeiddur er
ástin er svona' á Fróni*

Ástfangin hönd í hönd
hímandi á sjávarströnd,
mæna á mánans ljós,
mannkerti og svarteyg drós.
Gutlandi á gítara,
grátklökka slagara,
svipt allri sálrró,
sorgmædd, en hástemmd þó.
Síðan þau sonnettó
syngja í falsettó.
Þannig er ástin ó,
á Ítalíanó.

*Svei er það þannig suðrinu í
sannlega ekki geðst mér ekki að því
Seint mun ég láta æsa mig í
ítalíska kærleiksfrónsku
Beta' er á réttarböllum hér
brennivín hafa allir með sér
og heyið svo mjúkt í hlöðunum er
hollust er ást á Frónsku*

Lag: Claude Francois

Texti: Paul Anka

My way

And now, the end is near
And so I face the final curtain
My friends, I'll say it clear
I'll state my case of which I'm certain
I've lived a life that's full
I traveled each and every highway
But more, much more than this
I did it my way

Regrets, I've had a few
But then again, too few to mention
I did what I had to do
And saw it through without exemption
I planned each chartered course
Each careful step along the byway
But more, much more than this
I did it my way

Yes, there were times, I'm sure you knew
When I bit off more than I could chew
But through it all, when there was doubt
I ate it up and spit it out
I faced it all and I stood tall
And did it my way

I've loved, laughed and cried
I've had my fill, my share of loosing
And now, as tears subside
I find it all so amusing
To think I did all that
And may I say, not in a shy way
Oh no, no, not me
I did it my way

For what is a man, what has he got
If not himself then he has not
To say all the things he truly feels
And not the words of one who kneels
The record shows, I took the blows
But I did it my way

Skvetta, falla, hossa og hrista

viðlag

þær syngja

skvetta, falla, hossa og hrista,
skvetta, falla, hossa og hrista,
skvetta, falla, hossa og hrista,
hrista stög og borð.

Út úr höfninni bylgjan ber
með sér bátinn sem er undir fótum mér
og hann vaggar vært og rótt,
hann mun vagga mér í nótt,
og við síður gutlar sjór
bylgja sérhver smá og stór,
syngur alveg í einum kór.

viðlag

þær syngja

skvetta, falla, hossa og hrista,
skvetta, falla, hossa og hrista,
skvetta, falla, hossa og hrista,
hrista stög og borð.

Út á hafið er haldið brátt
þó að hafið það sé hvorki slétt né blátt,
út úr augum ekki sér
því að óðum dimma fer,
allt í kring er saltur sjór,
bylgja sérhver smá og stór,
syngur alveg í einum kór.

þær syngja

lata marra, hvesa, hvissa,
hvæsa, urra, messann kyssa.

Skvetta, falla

Þó að tómleiki magnist minn,
ég er messinn hér um borð í fyrsta sinn.
Ég skal standa af mér allt,
þó að andi móti kalt,
þó að rjúki saltur sjór,
bylgja sérhver smá og stór,
syngi alveg í einum kór.

viðlag

þær syngja

Skvetta, falla

Lag: Jón Múli Árnason
Texti: Jónas Árnason

Undir Stórasteini

Það var eitt sinn ógnar lítið stelpuhró
sem fór oft með mér fram að sjó.
Hún var klædd í ullarpeysu oná tær,
með freknótt nef og fléttur tvær.

Saman tvö í fjörunni við undum okkur vel
meðan kollan var að kafa eftir kuðungi og skel.
Og á kvöldin þegar sólin sigin var
sátum við í næði, bæði, undir Stórasteini,
þar sem hún, í leyni, lagði vanga sinn
ósköp feimin upp við vanga minn.

Síðan hef ég konur séð í Cairó,
í Mandalay, í Mexíkó.
Líka þær sem kyrrahafið kafa í
og eiga heima á Hawaii.
Sumar klæddust hálmi þegar þeim var heitt
en aðrar bara klæddust ekki yfirleitt í neitt.

Alltaf samt í huga mér og hjarta bjó
hún sem klæddist ullarpeysu undir Stórasteini.
Forðum tíð, í leyni, lagði vanga sinn
ósköp feimin upp við vanga minn.

Lag: Ási í Bæ
Texti: Loftur Guðmundsson

Vertu sæl mey

Við brimsorfna kletta bárunar skvetta
hvítfextum öldum húmdökku kvöldum
sjómanninn laða og seiða.
Skipstjórar kalla, skipanir gjalla
vélarnar emja, æpa og lemja.
á haf skal nú haldið til veiða.

Vertu sæl mey.
Ég kem aftur er kvöldar á ný.
Gleym þú þú mér ei,
þó að báran sér bylti með gný.
Eigirðu yl
handa sjómanni er sjöstjarnan skín,
þá stendur hann brosandi í stórsjó og byl
við sinn stjórnvöl og hugsar til þín.

Lag: Leon René
Texti: Jón Sigurðsson

Vor við flóann

Senn fer vorið á vængjum yfir flóann,
vaknar allt af vetrarblund, um völl og hlíð.
Blómin spretta úr jörð og litla lóan
ljóðar glatt og leikur dátt sín lögin blíð

Um hin kyrru ljúfu kvöld
er hvíslað létt í skóg
hin ástarljúfu orð
er angar döggin á grein

Senn fer vorið á vængjum yfir flóann,
vaknar allt af vetrarblund, um völl og hlíð.
Blómin spretta úr jörð og litla lóan
ljóðar glatt og leikur dátt sín lögin blíð

Vorkvöld í Reykjavík

Svífur yfir Esjunni sólroðið ský,
sindra vesturgluggar, sem brenni í húsunum.
Viðmjúk strýkur vangana vorgolan hlý,
vaknar ástarþráin í brjóstum á ný.
Kysst á miðju stræti er kona ung og heit,
keyra rúntinn piltar, sem eru í stelpuleit,
Akrafjall og Skarðsheiði eins og fjólubláir draumar.
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

Tjörnin liggur kyrrsæl í kvöldsólarglóð
kriurnar þótt nöldri og bjástri í hólmanum.
Hjúfra sig á bekkjunum halir og fljóð,
hlustar skáldið Jónas á þrastanna ljóð.
Dulin bjarkarlimi á dúnsins mjúku sæng
dottar andamóðir með höfuð undir væng.
Akrafjall og Skarðsheiði eins og fjólubláir draumar.
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

Hljótt er kringum Ingólf og tæmt þar hvert tár
tryggir hvíla rónar hjá galtómum bökkunum.
Svefninn er þeim hóglega siginn á brár,
sunnanblær fer mildur um vanga og hár.
Ilmur er úr grasi og angan moldu frá,
aftansólin purpura roðar vestursjá.
Akrafjall og Skarðsheiði eins og fjólubláir draumar.
Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík.

Þannig týnist tíminn

Líkt og ástarljóð sem enginn fékk að njóta,
eins og gulnað blað sem geymir óræð orð,
eins og gömul hefð sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og sumarást sem aldrei náði að blómstra,
líkt og tregatár sem geymir falleg bros,
þarna er gömul mynd sem sýnir glaðar stundir,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og mynd sem bjó í vonarlandi þínu,
eins og æskuþrá sem lifnar við og við,
býr þar sektarkennd sem ennþá nær að særa,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og ástarljóð sem enginn fær að njóta
endar sem gulnað blað er geymir óræð orð,
eins og gamalt heit sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Thank you For The Music

Song by: Benny Andersson, Björn Ulvaeus, Lyrics by: Benny Andersson, Björn Ulvaeus, Artists: ABBA,

I'm nothing special, in fact I'm a bit of a bore
If I tell a joke, you've probably heard it before
But I have a talent, a wonderful thing
'Cause everyone listens when I start to sing
I'm so grateful and proud
All I want is to sing it out loud, so I say

Thank you for the music, the songs I'm singing
Thanks for all the joy they're bringing
Who can live without it, I ask in all honesty
What would life be?
Without a song or a dance what are we?
So I say thank you for the music
For giving it to me

Mother says I was a dancer before I could walk
She says I began to sing long before I could talk
And I've often wondered, how did it all start?
Who found out that nothing can capture a heart
Like a melody can?
Well, who - ever it was, I'm a fan, so I say

Thank you for the music, the songs I'm singing
Thanks for all the joy they're bringing
Who can live without it, I ask in all honesty
What would life be?
Without a song or a dance what are we?
So I say thank you for the music
For giving it to me

I've been so lucky, I am the girl with golden hair
I wanna sing it out to everybody
What a joy, what a life, what a chance!

Thank you for the music, the songs I'm singing
Thanks for all the joy they're bringing
Who can live without it, I ask in all honesty
What would life be?
Without a song or a dance what are we?
So I say thank you for the music
For giving it to me
So I say thank you for the music
For giving it to me